



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is
545 8600

Skuggasundi 1,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Reykjavík 6. september 2022
Tilv.: UMH22080033/8.13

Vísað er til erindis skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar sem barst ráðuneytinu með tölvupósti 18. ágúst sl. þar sem óskað er eftir framlengingu á undanþágu frá ákvæðum 14. gr. og 38. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti sem ráðuneytið veitti 24. janúar sl., vegna kennslu fyrir hluta Hagaskóla í húsnæði að Ármúla 30 í Reykjavík. Undanþága ráðuneytisins frá 24. janúar sl. náði til kennslu um 200 nemenda á 1. hæð, þ.e. jarðhæð, og á 2. hæð húsnæðisins út skólaárið 2021/2022 eða lengst til 15. júní 2022. Í afgreiðslu ráðuneytisins kom fram að nemendur yrðu með aðstöðu í húsnæðinu og að matast yrði í matsal á jarðhæð húsnæðisins. Handlaugar væru nálægt matsal og salerniskjarnar á báðum hæðum. Húsnæðið hafi áður hýst stóra starfsemi fyrir skrifstofur og henti ágætlega fyrir þessar fjölda og starfsemi. Ástæða undanþágubeiðninnar væri sú að viðgerðir standi yfir á húsnæði Hagaskóla. Í erindinu frá 18. ágúst sl. kemur fram að þessu til viðbótar sé einnig sótt um undanþágu fyrir kennslu á 3. hæð hússins og verði heildarfjöldi 400 nemendur. Sótt sé um undanþágu frá ákvæði 1. ml. 1. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar þar sem segir að „Húsnæði, þ.m.t. starfsmannabústaðir, starfsmannabúðir og húsnæði stofnana og fyrirtækja, sem fjallað er um í reglugerð þessari, skulu hafa hlotið staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðisins.“, frá ákvæði 2. mgr. 38. gr. reglugerðarinnar þar sem segir að „Í skólum skal vera aðstaða til aðhlyningar nemenda vegna skyndiveikinda. Skal þar vera að lágmarki legubekkur, stóll og handlaug. Þar sem heilsugæsla er starfrækt í skólum, skal hún fullnægja kröfum sem gerðar eru til lækningastofa.“ og frá ákvæði 1. ml. 3. mgr. 38. gr. þar sem segir „Handlaug skal vera í hverri kennslustofu í grunnskólum.“

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. laga nr. 7/1998 er ráðherra heimilt þegar sérstaklega stendur á, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar, að veita undanþágu frá einstökum greinum reglugerða sem settar eru skv. 4. og 5. gr. laganna. Samkvæmt 74. gr. reglugerðar nr. 941/2002 er ráðherra heimilt að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar og Umhverfisstofnunar að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum reglugerðarinnar.

Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur og Umhverfisstofnunar þann 19. ágúst sl.

Í umsögn Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur frá 1. september sl. kemur fram að með vísan til fyrri umsagnar nefndarinnar frá 19. janúar sl. veiti heilbrigðisnefndin jákvæða umsögn um framlengingu á tímabundinni undanþágu frá ákvæðum 14. gr. og 38. gr. reglugerðar nr.

941/2002 fyrir grunnskólastarfsemi í húsnæði að Ármúla 30 í Reykjavík. Fram kemur einnig að ef umbeðin undanþága frá ákvæðum reglugerðarinnar verði veitt þurfi rekstraraðili að sækja um tímabundið starfsleyfi fyrir grunnskólastarfsemi í húsnæðinu á því tímabili sem undanþágan taki til. Í umsögn Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur frá 19. janúar sl. segir að í kjölfar þess að Hagaskóla hafi verið lokað á síðustu önn vegna viðgerða á húsnæði skólans hafi skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar óskað eftir því að heilbrigðisnefndin taki út húsnæðið að Ármúla 30 fyrir starfsemi skólans þar til bráðabirgða. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hafi framkvæmt úttekt á húsnæði á 1. og 2. hæð að Ármúla 30 sem nýta hafi átt fyrir starfseminna þann 13. janúar sl. Niðurstaða úttektarinnar hafi verið sú að þar gæti farið fram tímabundin grunnskólastarfsemi Hagaskóla til bráðabirgða, að því tilskyldu að sótt yrði um starfsleyfi hjá Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur fyrir starfseminni og að fengin yrði undanþága frá ákvæðum 14. og 38. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin geri ekki athugasemd við að umbeðin tímabundin undanþága verði veitt út árið 2022 að því gefnu að öðrum skilyrðum starfsleyfis verði fylgt í hvívetna, ásamt þeim skilyrðum sem ráðherra kann að binda undanþáguna, verði hún veitt. Samkvæmt tölvupósti frá Umhverfisstofnun sem barst ráðuneytinu 6. september gerir stofnunin ekki athugasemd við að undanþágan verði veitt út skólaárið 2023.

Ráðuneytið óskaði eftir afstöðu Byggingarfulltrúa Reykjavíkur til beiðnar um undanþágu með tölvupósti 1. september sl. Í svarpósti Byggingarfulltrúa sem barst ráðuneytinu 2. september sl. kom fram að ekki væri gerð athugasemd við að veitt yrði undanþága frá ákvæðum reglugerðar á þáttum er varða hollustuhætti, heilbrigði og aðra þætti sem reglugerðin fjalli um. Hins vegar er bent á að ekki sé til staðar heimild til að veita undanþágu frá ákvæðum mannvirkjalaga og byggingarreglugerðar er varða öryggi fólks í byggingum, í þessu tilfelli barna og starfsfólks í skólum. Verið sé að vinna umsókn um byggingarleyfi fyrir Ármúla 30 í samráði við embætti Byggingarfulltrúa og slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og í þeirri vinnu hafi verið bent á nauðsyn þess að sótt yrði um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar nr. 941/2002.

Vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem skapast hafa við lokun Hagaskóla vegna skemmda og nauðsyn þess að ráðast í viðgerðir er þörf á tímabundnu húsnæði fyrir nemendur Hagaskóla til að halda kennslu og skólastarfi áfram. Ráðuneytið hafði áður veitt undanþágu út skólaárið 2021/2022 fyrir kennslu 200 nemenda á 1. og 2. hæð í húsnæði að Ármúla 30. Ljóst sé að sá tími hafi ekki dugað til að ljúka viðgerðum á húsnæði skólans og að þörf sé á undanþágu a.m.k. út skólaárið 2022/2023. Einnig er þörf á að húsnæðið rými fleiri nemendur og því er gert ráð fyrir að kennsla fari einnig fram á 3. hæð húsnæðisins og að fjöldi nemenda verði 400. Gerir Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur og Umhverfisstofnun ekki athugasemd við að undanþágan verði veitt. Í ljósi framangreinds fellst ráðuneytið á að veita skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar undanþágu frá ákvæði 1. ml. 1. mgr. 14. gr., frá ákvæði 2. mgr. 38. gr. og frá ákvæði 1. ml. 3. mgr. 38. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti, vegna grunnskólahalds á 1., 2. og 3. hæð í húsnæði við Ármúla 30 í Reykjavík. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar skal tryggja öryggis- og hollustuháttareglur.

Starfsemin er starfsleyfissskyld og háð eftirliti Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur. Undanþága þessi er bundin því skilyrði að Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur veiti starfsleyfi fyrir grunnskólastarfsemi í umræddu húsnæði við Ármúla 30 í Reykjavík.

Undanþága þessi gildir út skólaárið 2022/2023 eða lengst til 15. júní 2023.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur vegna starfseminnar.

Fyrir hönd ráðherra

Íris Bjargmundsdóttir

Trausti Ágúst Hermannsson

Ljósrit: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur
Umhverfisstofnun